



6. desember 2021

#### 4. fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Viðstaddir fundinn voru; Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Þóra Smith fulltrúi foreldra, Birna Klara Björnsdóttir fulltrúar kennara, Guðrún Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Sólveig Reynisdóttir fulltrúi kennara og Aðalsteinn Leifsson, fulltrúi foreldra voru fjarverandi.

Birna Klara Björnsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur var settur kl 8.40

#### 1. Skólapúlssinn

Heildarniðurstöður telja 180 blaðsíður. Því eru teknar saman helstu niðurstöður. Svarendur púlssins voru nemendur í 6. og 7. bekk.

*virgni nemenda í skólanum*, jákvæðni nemenda gagnvart stærðfræðikennslu eru meiri en árið á undan.

*líðan og heilsa*, tíðni eineltis virðist því miður aðeins að aukast en nokkuð bundið við 6. bekk. Þar er verið er að vinna markvisst í erfiðum málum og stjórnendur telja að þau mál skýri a.m.k. að stórum hluta þessa niðurstöðu.

*skóla- og bekkjarandi*, nemendur virðast treysta kennurum sínum vel sem er mjög jákvætt.

Stjórnendur fara gaumgæfilega yfir allar niðurstöður Skólapúlssins og kynna vel fyrir kennarahópnum eftir jólafrí.

#### 2. Starfsáætlun skólans fyrir 2021-2022

Starfsáætlun er heildar skipurit yfir starfsemi skólans.

Búið er að endurskoða ýmsar áætlanir sem þurfa að vera til og uppfæra eftir þörfum. Áfalla-, og Rýmingaráætlanir eru klárar. Eineltisáætlun er í yfirferð núna.

Starfsáætlun er borin upp til samþykktar og samþykkt einróma

### 3. Umsögn um byggingar fyrir skóla og frístundastarf.

Skólastjóri mun setja saman umsögn en skólaráð er almennt jákvætt gagnvart þessu. Þó þarf að hafa í huga að skólahúsnæðið er gamalt og því mikilvægt að endurnýjun húsnæðis sé aðlöguð að breyttun tímum. Íþróttasalur þjónar einnig hlutverki hátíðarsalar. Eins er talið mikilvægtað huga að öryggi á svæði skólans og setja upp myndavélar.

### 4. Framkvæmdir í húsinu

Byrjað er á 1.kennslustofunni (109). Búið er að rífa niður úr loftum, þar var mikið ryk en ekki sjáanleg mygla. Reiknað er með að þessi stofa klárast fyrir jólaleyfi. Eftir áramót verður svo haldið áfram, ein og ein stofa tekin í einu.

Búið er að laga þakglugga yfir stiga niður í kjallara við hlið íþróttahúss. Ennþá lekur töluvert á kaffistofu en verið er að skoða málið.

### 5. Önnur mál

- Jólaskemmtun rædd en stefnt er að því að hún verði utandyra eins og í fyrra með fyrirvara um veður. Skemmtunin verður seinnipart 16.des. og verður foreldrum boðið að koma, verði skemmtunin utandyra.
- Fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Gísladóttir lýsti yfir ánægju með jólatónlistina sem ómaði frá skólanum í síðustu viku (aðventuhátíð). Hún hafði einnig séð mikla gleði meðal nemanda á skólalóðinni.

Fundi slitið 09:17